

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr.	eru veittar	kr.	1 093 970.73	46
— — — — 8. —	— —	—	42 930.24	16. marz
— — — — 10. — I.	— —	—	712 646.79	
— — — — 10. — III.	— —	—	936 073.21	
— — — — 11. — A.	— —	—	1 637 737.78	
— — — — 11. — B.	— —	—	1 671 896.41	
— — — — 11. — C.	— —	—	803 974.95	
— — — — 11. — D.	— —	—	468 903.02	
— — — — 12. —	— —	—	2 069 732.87	
— — — — 13. — A.	— —	—	3 882 437.62	
— — — — 13. — B.	— —	—	2 262 126.63	
— — — — 13. — D.	— —	—	657 271.05	
— — — — 14. — A.	— —	—	855 002.30	
— — — — 14. — B.	— —	—	2 162 176.84	
— — — — 15. — A.	— —	—	182 242.63	
— — — — 16. — A.	— —	—	570 091.15	
— — — — 16. — D.	— —	—	586 807.23	
— — — — 18. —	— —	—	875 734.09	
— — — — 19. — 1.	— —	—	10 175 024.37	
— — — — 19. — 2.	— —	—	1 556 192.75	
		Kr.	38 711 587.05	
Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar		—	62 393 576.06	
20. gr. Inn fór kr. 86 816 307.14 fram úr fjárlagaáætlun.				
		Kr.	101 105 163.11	

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935.

47

16. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætast tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggja fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsg. hér á undan segir, og skal þá refsá eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann sanni með sterkum líkum, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

47

16. marz

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tífoldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftast ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

48

16. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.